Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005 - 2025, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í afmörkun svæðis fyrir vatnsaflsvirkjun í landi Tjarna, Hólsgerðis og Halldórsstaða í Eyjafjarðarsveit. Áformað er að reisa virkjun, allt að 1 MW vatnsaflsvirkjun við Eyjafjarðará.

Unnið verður deiliskipulag fyrir framkvæmdina samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og fylgir þessari breytingu því umhverfisskýrsla. Breytingin felur í sér fyrirhugaða framkvæmd sem fellur undir 1. viðauka, tl. 3.22 í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og þarf því að senda inn til Skipulagsstofnunar fyrirspurn um matskyldu.

FORSENDUR

Áformað er að reisa Tjarnavirkjun, 1 MW virkjun í landi Tjarna í Eyjafjarðarsveit. Auk framkvæmdaraðila eru þrír aðrir landeigendur að árni á umræddu svæði. Það eru Halldórsstaðir, Hólsgerði og Torfufell. Framkvæmdaraðili hefur kynnt framkvæmdina fyrir landeigendum og samið við þá um afnotarétt. Virkjað fall er um 50 m og áætlað er að virkjað rennsli verði um 2,8 m^3/s.

STAÐHÆTTIR

Virkjunin er í sveitarfélaginu Eyjafjarðarsveit. Virkjunarsvæðið er innst í Eyjafirði í landi Tjarna. Aðkoma er um Eyjafjarðarbraut vestri (nr. 821) og heimreið að Halldórsstöðum og Tjörnum (nr. 8374). Svæðið er landbúnaðarsvæði í nokkuð þröngum dal þar sem brött fjöll gnæfa yfir.

Landsvæðið er fremur mishæðótt og kemur til með að skýla því að virkjunin sjáist langt að. Gróðurfar á svæðinu einkennist af landbúnaði, en ofan við bakka árinnar á virkjunarsvæðinu eru vel gróin tún og beitiland. Í Eyjafjarðará gengur sjóbleikja á þessu svæði og því skal setja skilmála í deiliskipulag um að virkjunin raski ekki lífríki árinnar eða hamli för bleikjunnar. Innan við virkjunina eru fjórir skráðir veiðistaðir.

Engar fornminjar eru innan áhrifasvæðis virkjunarinnar. Másstaðarúst og Granastaðarúst, sem njóta friðunar, liggja sunnan við virkjunarsvæðið.

Engin verndarákvæði eru í gildi á umræddu svæði og ekki er um að ræða vistkerfi eða jarðminjar sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Ekki er búið á Tjörnum og hefur íbúðarhúsið verið fjarlægt en búskapur er á Halldórsstöðum og Hólsgerði.

TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Í Landsskipulagsstefnu Íslands 2015-2026 er sett fram stefna um skipulagsgerð sveitarfélaga, m.a. er sett fram stefna um sjálfbæra byggð í dreifbýli.

„Skipulag landnotkunar styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðabróun í þéttbýli og dreifbýli.“

Einnig er sett fram stefna um sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands þar sem segir:

„Skipulag landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið.“

Þar er einnig gert ráð fyrir að landbúnaðarland sé flokkað:

„Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti.“

Ekki er gert ráð fyrir að raska ræktuðu landi nema að mjög litlu leyti og virkjunin hamlar því ekki að svæðið verði áfram nýtt til beitar og ræktunar. Virkjunin eykur tekjur sveitarfélagsins og landeigenda í formi fasteignagjalda, landleigu og gjalda vegna vatnsréttinda. Einnig skapast aukin atvinnutækifæri, bæði á framkvæmdatíma og rekstrartíma.

Í landskipulagsstefnu er einnig sett fram stefna um orkunýtingu og raforkuflutning í skipulagsáætlunum.

„Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggi örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.“

Leitast hefur verið við að vinna í sátt við samfélag og náttúru og tryggja það að virkjunarkosturinn valdi sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. Aðalskipulagsbreytingin er því talin samræmast markmiðum landskipulagsstefnu.

Leita þarf samþykkis landbúnaðarráðherra fyrir breytingu á landnotkun á landbúnaðarsvæði sem er 5 ha eða stærra. Óskað verður eftir leyfi ráðherra vegna aðalskipulagsbreytingarinnar.

MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS

Í stefnu aðalskipulags segir almennt um atvinnumál:

„Þjónustuheit:

Stuðlað verði að fjölbreytni í atvinnuháttum jafnframt því sem þess er gætt að standa vörð um landbúnaðinn sem meginatvinnuveg sveitarfélagsins. Þessu hyggst sveitarfélagið m.a. ná með því:

- *Að fyrirtækjum og einstaklingum standi til boða atvinnuráðgjöf í heimabyggð.*
- *Að tryggja framboð á lóðum fyrir atvinnustarfsemi sem falla vel að umhverfi og skerða ekki möguleika landbúnaðar.*
- *Að tryggja að orkuþörf verði svarað (rafmagn, vatn og hitaveita).“*

„Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpdælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.“

Í aðalskipulagi í kafla 2.1.5. segir um markmið efnistökusvæða:

„1. Efnisvinnsla á nýjum svæðum er háð mati á efnisgæðum og hagkvæmi. Framkvæmdaleyfi þarf að liggja fyrir sem taki til stærðar, efnismagns, vinnslutíma, eftirlits og frágangs námu að vinnslu lokinni ...“

„2. Haft skal samráð við stjórnsýslu veiðimála, samkvæmt 42. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði m.s.br., áður en framkvæmdaleyfi er veitt til efnistöku úr ám eða áreyrum.

3. Tímabundnar námur, með takmarkaðri efnisvinnslu, vegna vegagerðar verða ekki hluti af staðfestu aðalskipulagi sveitarfélagins.“

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Aðalskipulagsbreytingin felur í sér að 12 ha svæði er breytt úr landbúnaðarlandi í iðnaðarsvæði. Setja skal skilmála í deiliskipulag sem afmarka umfang mannvirkja, tryggja að fiskur komist upp fyrir stíflu, að vatn sé alltaf í farvegi neðan stíflu og að seiði lendi ekki í vélbúnaði virkjunar. Nýtt iðnaðarsvæði er afmarkað á uppdrætti og umfjöllun um virkjunina færð inn í greinargerð aðalskipulagsins. Um er að ræða 1 MW vatnsaflsvirkjun sem felur í sér gerð inntaksstíflu, aðrennslispípu, jöfnunarþróar og stöðvarhúss auk vegtenginga. Vegur að stíflu tengist heimreið að Tjörnum og vegur að stöðvarhúsi tengist heimreið að Halldórsstöðum. Virkjunin tengist dreifikerfi RARIK við lóðarmörk stöðvarhúss.

Í tengslum við virkjunina er eitt efnistökusvæði fært inn á aðalskipulag, það afmarkað á uppdrætti og umfjöllun um það færð inn í greinargerð aðalskipulagsins. Um er að ræða 0,9 ha efnistökusvæði og skal taka að hámarki 15.000 m^3 á meðan framkvæmdum við Tjarnarvirkjun stendur. Loka skal efnistökusvæðinu að framkvæmdum loknum.

BREYTINGAR Á UPPDRÆTTI

Nýtt iðnaðarsvæði I-10 er afmarkað á sveitarfélagsuppdrætti.

Nýtt efnistökusvæði, ES32, er merkt með hringtákni á sveitarfélagsuppdrætti.

BREYTINGAR Á GREINARGERÐ

2.1.5. Efnistökusvæði

Eftir að greinargerð aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 var samþykkt árið 2007 var gerð breyting á aðalskipulaginu árið 2011 og efnistökusvæðum fjölgað úr 7 í 30. Til samræmis við fyrri aðalskipulagsbreytingu fær nýtt efnistökusvæði á Gleráreyrum númerið ES32.

Markmið vegna efnistökusvæða: Í töflu 2 koma eftirfarandi viðbætur í lokin:

„Gleráreyrar í landi Tjarna. 15.000 m^3, nýtt við framkvæmdir við Tjarnavirkjun og verður efnistökunni lokað og hún tekin af skipulagi að framkvæmdum loknum. (II)(ES32).“

Landnotkun: Við lið Sveitarfélagsuppdráttur, koma eftirfarandi viðbætur:

„Gleráreyrar í landi Tjarna (ES32).“

2.3.2. Iðnaðar- og athafnasvæði

Landnotkun vegna iðnaðarsvæða: Við lið Sveitarfélagsuppdráttur, koma eftirfarandi viðbætur:

„Það á við um Djúpadalsvirkjun I (I-5a), Djúpadalsvirkjun II (I-5b) og Tjarnavirkjun (I-10).“

2.4.3 Rafveita

Við kafla um landnotkun, Sveitarfélagsuppdráttur, koma eftirfarandi viðbætur í lokin:

„Tjarnavirkjun (I-10) er ný virkjun í Eyjafjarðará, sem mun skila 1 MW afli. Virkjunin tengist dreifikerfi RARIK á lóðarmörkum stöðvarhúss.“

UMHVERFISSKÝRSLA

SKILGREINING OG MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Umhverfisskýrsla þessi er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Helstu áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar eru á umhverfisþættina gróður, landnotkun, fornminjar, fuglalíf, vatnalíf og veiði, landslag og ásýnd, og jarðminjar. Umhverfisskýrslan byggir á fyrirliggjandi gögnum.

Við vinnslu umhverfisskýrslu var stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Við matið verður notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa.

VALKOSTIR

Virkjanir eru þess eðlis að ekki koma margar staðsetninga til greina heldur er um einn ákjósanlegan kost undir virkjunarsvæði að ræða vegna aðstæðna. Þess vegna eru hér aðeins metnir tveir kostir; núll kostur, sem er í raun einnig grunnástand, og valinn kostur.

NIÐURSTAÐA UMHVERFISMATS

Núll kostur er talinn hafa engin áhrif. Valinn kostur er í heildina talinn hafa óveruleg áhrif eða engin. Áhrif á gróður eru staðbundin og að mestu leyti afturkræf. Setja skal skilmála um hvernig ganga skuli frá á gróðursvæðum eftir framkvæmd.

Áhrif á landnotkun telst vera óveruleg og afturkræf að mestu, nema á því landsvæði sem fer undir vatn. Með því að græða landið upp að framkvæmd lokinni, mun svæðið komast í samt horf og því ekkert sem hindrar það að land verði áfram nýtt til beitar og ræktunar eins og verið hefur.

Engar fornminjar eru innan áhrifasvæðisins en heimildir eru um tvo minjastaði í landi Hólsgerðis, vað yfir ána og stekk, samkvæmt skráningu fornleifafræðings. Vaðið er breytilegt eftir rennsli árinnar hverju sinni. Vaðið er neðan stíflu og er utan við skipulagssvæðið. Áhrif á fornleifar eru engin.

Áhrif á fuglalíf er talið óverulegt, einhver truflun gæti orðið á framkvæmdatíma. Mannvirki raska ekki búsvæðum og aðrennslispípa verður niðurgrafin alla leið í landi sem er nú þegar að mestu raskað. Áhrif á breyttu vatnafari einskorðast við straumönd sem sækir fæðu í ána.

Áhrif á vatnalíf og veiði eru talin vera óveruleg eða engin. Sá kafli árinnar sem verður fyrir skertu rennsli er mjög óhentugur fyrir sjóbleikjuseiði og minna rennsli mun jafnvel verða til bóta. Í deiliskipulagi skal setja fram skilmála um að nota inntak sem tryggir að seiði lendi ekki í vélbúnaði virkjunarinnar. Frjálst yfirfall og fiskvegur sér til þess að alltaf sé að minnsta kosti 1 m^3/s lágmarksrennsli í farvegi árinnar. Fiskvegur tryggir sömuleiðis að far sjóbleikju og annarra fiska sé ekki hindrað. Frárennsli stöðvarhúss kemur út í Eyjafjarðará ofan Halldórsstaðaflúðar og verður því áfram sama vatnsmagn í veiðistað neðan flúðarinnar. Talið er að framkvæmdin verði frekar til bóta varðandi sjóbleikju.

Áhrif á landslag við stíflu breytist við komu bygginga og lóns en landið er mishæðótt og það dregur úr sjónrænum áhrifum. Mestar verða breytingar ásýndar við stíflu og lón, og við stöðvarhúsið en landslagið sem er mishæðótt dregur úr sjónrænum áhrifum. Í deiliskipulagi skal setja fram skilmála til að draga úr sjónrænum áhrifum, með því að gæta vel að staðsetningu og hönnun mannvirkja. Leitast skal eftir því að ganga frá rasksvæðum jafnóðum og framkvæmdum lýkur og skuli almennt hagað þannig að svæðum verði ekki raskað umfram brýna þörf.

Þær jarðmyndanir sem raskast við framkvæmdirnar eru fyrst og fremst úr áreyrum þar sem hliðaráin Glerá rennur út í Eyjafjarðarár vegna efnistöku, og hefur þeim þegar verið raskað við eldri efnistöku, og framhlaupshólarnir í botni dalsins en aðrennslispípan verður grafin í gegnum þá jarðmyndun. Aurkeila Glerár mun vera að óröskuð, þar sem ekki á að taka efni þaðan, og framkvæmdin kemur ekki til með að hafa nein áhrif á tvær heitar laugar sem eru í dalbotninum vestan ár. Aðrennslispípa virkjunarinnar mun liggja á eystri árbakkanum en laugarnar eru vestan ár.



Fyrir breytingu, mkv. 1:50000



Eftir breytingu, mkv. 1:50000

Mynd 1. Yfirlit yfir umhverfisþætti og matsspurningar

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Gróður	Munu breytingarnar hafa áhrif á gróður? Munu breytingarnar hafa áhrif á plöntutegundir á válista? Munu breytingarnar hafa áhrif á bakkagróður?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, 1. gr. um markmið laganna, 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir, 56. gr. um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. og 62. gr. um vernd vistkerfa og bakkagróðurs.
Landnotkun	Munu breytingarnar fela í sér áhrif á landnotkun svæðisins?	Skipulagslög nr. 123/2010, 1. gr. um markmið laganna. Landsskipulagsstefna 2015-2026, kaflar 2.1 um sjálfbæra byggð í dreifbýli, kafla 2.3 um sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands og kafla 2.5 um orkumannvirki og afhendingu raforku. Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025, markmið.
Fornminjar	Munu breytingarnar hafa áhrif á friðlýstar fornminjar?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar, 1. gr. um tilgang laganna, 16. gr. um skipulag, 23. gr. um fornleifar í hættu og IV. kafla um skráningu fornleifa.
Fuglalíf	Munu breytingarnar hafa áhrif á fuglalíf? Munu breytingarnar hafa áhrif á búsvæði fugla?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, 1. gr. um markmið laganna, 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir, 56. gr. um friðun tegunda. Lög nr. 64/1994 um verndun, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 2. gr. um markmið laganna og 6. gr. um villt dýr og skipulag.
Vatnalíf og veiði	Munu breytingarnar hafa áhrif á ána sem veiðisvæði? Munu breytingarnar hafa áhrif á fiskistofna?	Lög um lax og silungsveiði. Nr. 61/2005, 1. gr. um markmið laganna. 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. Náttúruverndarlög nr. 60/2013, 1. gr. um markmið laganna, 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir, 56. gr. um friðun tegunda.
Landslag og ásýnd	Mun breytingin hafa áhrif á ásýnd svæðisins? Munu breytingin hafa sjónræn áhrif? Munu breytingin hafa umtalsverð áhrif á náttúrulegt landslag?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, 1. gr. um markmið laganna, 3. gr. um verndarmarkmið fyrir landslag, 69. gr. um hönnun mannvirkja.
Jarðminjar	Mun breytingin hafa áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, 1. gr. um markmið laganna. 3. gr. um verndarmarkmið fyrir jarðminjar og 61. gr. um sérstaka vernd jarðminja

Mynd 2. Samantekt umhverfisáhrifa

VALKOSTIR	UMHVERFISÞÁTTUR						
	GRÓÐUR	LANDNOTKUN	FORNMINJAR	FUGLALÍF	VATNALÍF OG VEIÐI	LANDSLAG OG ÁSÝND	JARÐMINJAR/ JARÐFRÆÐI
Núll kostur - gildandi skipulag	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif
Breytt skipulag	Áhrif eru staðbundin og að mestu afturkræf. Engin áhrif á plöntutegundir á válista.	Áhrifin teljast vera óveruleg og afturkræf að mestu, nema á því landsvæði sem fer undir vatn.	Engin áhrif.	Áhrif á straumönd og fuglalíf svæðisins eru talin óveruleg.	Óveruleg áhrif eða engin.	Óveruleg áhrif að teknu tilliti til mótvægisaðgerða.	Óveruleg eða engin áhrif.

Jákvæð áhrif | Neikvæð áhrif | Óveruleg áhrif | Engin áhrif | Óviss áhrif



Úr aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005 - 2025

HELSTU SKÝRINGAR

Landnotkun og þróun byggðar
- Svæði sem breytingin nær til
- Iðnaðarsvæði
- Óbyggð svæði
- Landbúnaðarsvæði
- Opin svæði til sérstakra nota
- Efnistökusvæði

Samgöngur og veitukerfi
- Stofnvegur
- Tengivegur
- V.nr. Vegnúmer stofn- og tengivega
- Stofnreiðleið
- Símalínur/ljósleiðari

Verndun og umhverfismál
- Friðlýstar minjar

SAMÞYKKT OG STAÐFESTING

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. grein skipulagslaga nr. 123/2010, var auglýst frá og með _____ til og með _____ og var samþykkt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar þann _____ 2017.

_____
sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____ 2018.

_____

_____

Auglýsing um gildistöku birtist í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ nr. _____

Eyjafjarðarsveit

Breyting á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025
Virkjunarsvæði

			Útgáfa: V02
	Mælikvarði: 1:50.000	Blaðstærð: A2	Teikning nr.: 001
Umhverfi fyrir: Tjarnavirkjun ehf.		Dags.: 2.11.2017	Teiknað af: SÖG

EFLA VERKFRÆÐISTOFA